

Mánudaginn 24. júlímánaðar.

Nr. 20/1893:

Rjettvísín

gegn

Sigurði Guðmundssyni og

Teiti Íngimundarsyni.

D ó m u r :

Mál þetta er eptir skipun amtsins höfðað gegn hinum ákærðu Sigurði Guðmundssyni og Teiti Íngimundarsyni fyrir að hafa gefið ranga skýrslu fyrir rjetti, og var það dæmt í aukarjetti Reykjavíkurkaupstaðar 1. maí þ. á. á þá leið, að hinir ákærðu voru dæmdir sýknir af ákæru rjettvísinnar og skyldi málskostnaður greiddast af almannafje. Þessum dómi hefur hlutadeigandi amtmaður áfrýjað til landsyfirdómsins.

Hinir ákærðu voru kallaðir fyrir lögreglurjett Reykjavíkur kaupstaðar í febrúarmánuði þ. á., með því þeir voru sakaðir um brot gegn tilsk. 26. maí 1863, um lausamenn og húsmenn, Sigurður Guðmundsson fyrir ólöglega húsmennsku og Teitur Íngimundarson fyrir að hafa ólöglega hýst Sigurð. Báðir hinir ákærðu báru það fyrst, að samkvæmt vistarsamningi, er Sigurður lagði fram, væri Sigurður hjú Teits. En Sigurður játaði síðar — en samt þegar við fyrsta rjettarhald — að vistarsamninginn hefðu þeir Teitur gjört að eins til málamynda til að breiða yfir sannleikann og komast hjá ábyrgð, ef til kæmi, þar sem hann hefði verið í húsmennsku hjá Teiti, og játaði Teitur, að þessi framburður Sigurðar væri sannleikanum samkvæmur; buðu þeir báðir fram sekt til þess að losast við rannsókn, og, að því brotið gegn húsmennskulögunum snertir, samþykkti amtið boð þeirra, en skipaði jafnframt opin-

bera málssókn á hendur þeim fyrir rangan framburð fyrir rjetti.

Það verður að vísu ekki álitid, að hinir ákærðu, sem voru í yfirheyrslu sem sakborningar, er þeir gáfu hina röngu skýrslu fyrir rjetti, er málið var höfðað út af, hafi með því að þræta fyrir að vera sekir í lagabroti því, er yfirheyrslan var um, eða með því að skýra rangt frá málsatvikum til þess að breiða yfir brotið, unnið til refsingar samkvæmt lögum. En með því að gjöra samning þann, er fyr er nefndur, og leggja hann fram fyrir rannsóknardómarann, til þess að villa sjónir fyrir honum, hafa þeir allt að einu gjörzt brotlegir samkvæmt 156. gr. almennra hegningarlaga, og virðist mega skilja málshöfðunarskipun amtsins, eins og hún liggur fyrir í málinu, svo, að hún eigi engu síður við um brot það, er liggur í framlagning málamyndar-samningsins, en um sjálfa hina munnlegu skýrslu hinna ákærðu fyrir rjettinum. Hegning hinna ákærðu samkvæmt greindri lagagrein virðist hæfilega metin 20 kr. sekt til landssjóðs fyrir hvorn þeirra, eða til vara 6 daga einfalt fangelsi. Svo ber þeim og að greiða allan af málinu fyrir undir- og yfirrjetti löglega leiddan og leiddandi kostnað, þar með talin málsfærslulaun til hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í hjerði hefur verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdóminum lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinir ákærðu Sigurður Guðmundsson og Teitur Ingimundarson eiga að greiða í sekt til landssjóðs

